

Kaupmannahöfn 28. maí 1997

Þjóðminjasafn Íslands
Suðurgötu 41
IS-101 Reykjavík
Ísland

Með vísan til upplýsingalaga óskar undirritaður eftir aðgangi að gögnum Þjóðminjasafns Íslands um hvarf allra forngripa og muna á Þjóðminjasafni Íslands og þeirra gripa er týnst hafa erlendis á tímum síðustu þriggja þjóðminjavarða. Hér á ég við færslur um slíkt í aðfarabækur og skýrslur safnsins, tilkynningar til yfirvalda og eftirgrennslanir.

Listi yfir slíka gripi og gögn um þá hljóta að vera til, og hvarf þeirra hlýtur að hafa verið tilkynnt hutaðeigandi aðilum í samræmi við siðareglur ICOM.

Árið 1988 barst undirrituðum bréf, þar sem ég var spurður spjörunum úr vegna hvarfs innsiglishringa úr gulli á Þjóðminjasafni Íslands. Af orðhljóðan bréfsins mátti nær skilja að undirritaður væri ásakaður um hvarf gripanna. Undirritaður óskar þess vegna eftir afritum af bréfum til annarra um hvarf þeirra gripa sem ég fékk bréf um. Sömuleiðis gögn sem sýna að Þjóðminjasafnið hafi skráð í aðfarabækur að gripir þessir væru týndir; einnig gögn og sannanir fyrir því hvenær gripirnir fundust, hver fann þá og hvaða dag það gerðist. Sömuleiðis óskast ljósmynd mér að kostnaðarlausu af þessum hringum, tekin af núverandi ljósmyndara Þjóðminjasafns. Enn fremur óskast upplýst hvort til séu ljósmyndir af gripum þeim sem glatast hafa úr fótum Þjóðminjasafns Íslands.

Allt eru þetta skjöl og gögn sem Þjóðminjasafn hlýtur í hlutarins eðli að eiga tiltæk. Vísa ég til 11. greinar upplýsingalaga um málsmeðferð. Þar segir: *Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.* Vegna mikils vinnuálags á ljósmyndadeild safnsins, sem þekkt er, geri ég mér grein fyrir því að ljósmyndir þær sem ég bið um muni berast mér síðar en önnur gögn.



Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson
Vandkunsten 6, 4. sal th.
DK 1467 København K
Danmark.

Afrit fær: Menntamálaráðherra, hr. Björn Bjarnason